



18. stjórnarfundur LH

28. febrúar 2020 kl. 16:00 - Íþróttamiðstöðinni í Laugardal

Mætt: Lárus Ástmar Hannesson formaður, Eggert Hjartarson og Ólafur Þórisson úr aðalstjórn.

Á símafundi: Stefán Logi Haraldsson, Sóley Margeirsdóttir úr aðalstjórn og Lilja Björk Reynisdóttir úr varastjórn.

Fjarverandi: Oddrún Ýr Sigurðardóttir ritari og Ágúst Hafsteinsson úr aðalstjórn, Þórdís Arnardóttir, Siguroddur Pétursson, Rósa Birna Þorvaldsdóttir og Ómar Ingi Ómarsson úr varastjórn.

Einnig mætt: Sveinn Steinarsson og Hjörný Snorradóttir

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

1. Formaður setur fund og stjórnar fundi

2. Horses of Iceland-verkefnið

Sveinn Steinarsson og Hjörný Snorradóttir úr verkefnastjórn HOI fóru yfir stöðu og framtíðarhorfur verkefnisins. Atvinnuvegaráðuneytið hefur framlengt samstarfssamningi um HOI verkefnið um 18 mánuði. Framlengingunni fylgir 19.000.000 kr. fjárframlag frá ráðuneytinu.
Afgreiðsla: Stjórn LH fagnar að samstarfssamningur við ríkið hefur verið framlengdur. Samþykkt að framlag LH í verkefnið verði óbreytt árið 2020 eða kr. 3.000.000.

Sveinn Steinarsson vikur af fundi.

3. Samþykktir fundargerða

Fundargerð 17. fundar samþykkt.

4. Kappi - appið

Tölvunefnd er að vinna að samningum við nýja samstarfsaðila fyrir Kappa appið. Samningar munu liggja fyrir á næstu dögum. Stjórn telur mikilvægt að þetta mál verði leyst sem fyrst.

5. Sportfengur – þýðingar

Til stendur að þýða handbók Sportfengs yfir á ensku fyrir erlenda notendur forritsins. Einnig þarf að þýða á ensku samning um Sportfeng. Borist hefur tilboð í þýðingarvinnuna að fjárhæð kr. 125.000.

Afgreiðsla: Samþykkt að taka fyrirliggjandi tilboði fyrir þýðingarvinnu í Sportfeng.

6. Landsþing LH 2020

Landsþing LH 2020 verður haldið í Varmahlíð í Skagafirði dagana 16. til 17. október. Hestamannafélagið Skagfirðingur býður heim og undirbúningur er hafinn.

Afgreiðsla: Skrifstofa sendir dagsetningu þingsins á formenn hestamannafélaganna. Auglýsa þarf frest til að koma með breytingartillögur fyrir þingið.

7. Gæðingafimi LH

HS fór yfir stöðuna á vinnu starfshóps LH um gæðingafimi. Fyrirhugað er að halda reynslumót þar sem reglurnar eru mátaðar í keppni.



8. Dagur íslenska hestsins 1. maí

Undanfarin ár hefur Dagur íslenska hestsins verið haldinn 1. maí ár hvert. LH hefur verið í samstarfi við Horses of Iceland með kynningarefni og fleira fyrir daginn. LH mun hvetja hestamannafélögin til að vera með dagskrá til heiðurs og kynningar á íslenska hestinum 1. maí.

9. Norðurlandamót og NIHC

Auglýst verður eftir umsóknum dómara til að dæma á Norðurlandamóti. Leitast verður við, vegna mikils kostnaðar, að fá dómara með tvöföld réttindi, þ.e. bæði alþjóðadómararéttindi FEIF og landsdómararéttindi GDLH. Ferðakostnaður leggst jafnt á aðildarlönd en hvert land fyrir sig greiðir launakostnað sinna dómara.

Næsti fundur NIHC er fyrirhugaður í byrjun apríl í Herning í Danmörku. Í þeirri ferð verður einnig hugað að undirbúningi fyrir HM 2021 svo sem hótलगistingu, samstarf við mótshaldara ofl.

10. FEIF þing – samantekt

Þingið var vel heppnað og tókst vel til við alla viðburði sem LH stóð fyrir. Þakkir fyrir móttökuna hafa borist frá mörgum aðildarlöndum FEIF og stjórn FEIF.

11. Starfshópur um framkvæmd Íslandsmóta fullorðinna og ungmenna

Á 16. fundi stjórnar LH var samþykkt að koma á fót starfshópi um Íslandsmót með það hlutverk að koma með tillögur um framtíðarfyrirkomulag Íslandsmóta sem lagðar verði fyrir landsþing haustið 2020. Í hópnun verði tveir úr stjórn, tveir úr keppnisnefnd og einn úr landsliðsnefnd. Tillögurnar feli í sér framkvæmdrama, skilgreini hlutverk, fasta tímasetningu og hvort endurskoða skuli með hvaða hætti þátttökuréttur á mótinu er ákveðinn.
Afgreiðsla: Stjórn tilnefnir Lilju Björk Reynisdóttur og Ágúst Hafsteinsson.

12. Skipting áætlaðs útbreiðslustyrks til sérsambanda 2020

Útbreiðslustyrkur er 17% hluti af lottógreiðslum til ÍSÍ frá Íslenskri getspá sem skiptist milli sérsambanda og íþróttahéraða. Áætlaður útbreiðslustyrkur til LH 2020 er kr. 2.252.685.

13. Úthlutun úr Afrekssjóði ÍSÍ 2020

Úthlutun Afrekssjóðs til afreksmála LH árið 2020 er kr. 8.800.000.

14. Önnur mál

a. Skráning raunverulega eigenda

Vegna aðgerða gegn peningaþvætti ber að skrá raunverulega eigendur allra lögaðila sem eru skráðir í fyrirtækjaskrá. Skráning raunverulegra eigenda var skilað 28. febrúar fyrir Landssamband hestamannafélaga, Landsmót ehf. og Skógarhóla ehf.

b. Endurskoðun laga og reglna LH í samræmi við lög og reglur FEIF

Ólafur Haraldsson formaður laganefndar LH hefur sett upp tillögu um hvernig skynsamlegt væri að setja upp lög LH á skýran hátt til samræmingar við lög og reglur FEIF. Skrifstofa vinnur verkefnið áfram með Ólafi.



c. Innanhússmót

Umræður um að setja þurfi ramma um stærð á völlum í reiðhöllum sem verði metin sem lögleg innanhússmót og reglur mótaðar um slík mót.

d. Landsmót 2024

Umsóknarfrestur um Landsmót 2024 rennur út 1. mars. Stjórn LM ehf. fer yfir umsóknir og boðar til funda á mótssvæðum umsækjenda.

e. Leisure riding nefndin hjá FEIF

EH skýrði frá umræðu í nefndinni á FEIF-þinginu um 90 kg. þyngdartakmarkanir knapa á íslenskum hestum. Lítið er til um haldbærar rannsóknir um hver burðargeta íslenska hestsins er, nauðsynlegt er að gera slíkar rannsóknir til að koma í veg fyrir að umræðan þróist á verri veg.

f. Skógarhólar

Formenn hestamannafélaga á Vesturlandi, Suðurlandi og Suðvesturlandi fengu beiðni um að hvetja sína félagsmenn að leggja Vinum Skógarhóla lið. Stefnt er á að boða Vini Skógarhóla á fund um miðjan mars til að undirbúa vinnuhelgar ársins.

Leigusamningur um Skógarhóla rennur út 2021 og þarf að endurnýja á þessu ári.

Fundi slitið um kl. 19.00